



Ingunnarskóli

Dæmi um umsagnir í íslensku - 6. og 7. bekkur

Framsögn

*** flytur góð framsagnarverkefni. Hann talar hátt og skýrt að öllu jöfnu. *** má þó vera duglegri að æfa sig heima og lesa upphátt því það eykur öryggi hans og hann þekkir textann sinn betur.

*** les hátt og skýrt, hraðinn er góður. Hún á það til að hika örlítið þegar hún stoppar á punktum og lítur upp, hún þarf að æfa það sérstaklega.

*** les skýrt, hún nær augnsambandi við áheyrendur og man eftir að stoppa á punktum og kommum. Túlkun er góð en hún þarf að leggja áherslu á að lesa hærra.

Málfræði

Í vetur höfum við farið í ýmis málfræðihugtök s.s. atkvæði, sérhljóða og samhljóða. Einnig höfum við farið í helstu orðflokkana þ.e. nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Þá höfum við æft eintölu og fleirtölu, fallbeygingu, stigbreytingu, nútíð og þátíð sagna ásamt fleiri atriðum. *** hefur gengið vel að tileinka sér þessi hugtök í málfræði og leyst þau verkefni sem hún hefur fengið vel af hendi.

*** kann að raða orðum rétt í stafrófsröð, þekkir muninn á sérnafni og samnafni. Þekkir lýsingarorð, kyn, tölu og stigbreytingu þeirra. Getur fallbeygt nafnorð með og án greinis, fundið kyn og tölu en þarf að vera aðeins öruggari. Þarf að læra muninn á sérhljóða og samhljóða, þekkja þátíð/nútíð og nafnhátt sagnorða.